



29. fundur stjórnar LH 2024-2026
19. nóvember 2025 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Hilmar Guðmannsson.

Forföll boðuðu: Sigurbjörn Eiríksson, Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. FEIF þing 2026

A. Tillögur til FEIF þings frá NIHC

NIHC hefur sent til FEIF fjórar tillögur fyrir FEIF þing 2026.

- Áskorun til FEIF um að FEIF setji ramma fyrir Heimsmeistaramótshaldara varðandi aðstöðu og laun dómara
- Áskorun til FEIF um að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við val á staðsetningu Heimsmeistaramóta
- Áskorun til FEIF um að hefja vinnu við að innleiða lyfjaeftirlit á knöpum á FEIF-viðburðum
- Áskorun til FEIF um að stofna starfshóp til að undirbúa innleiðingu reglna um gæðingakeppni í regluverk FEIF

B. Ferðakostnaður nefndafólks FEIF og fulltrúar LH

FEIF greiðir nefndafólki 600 evrur í ferðakostnað til að fara á FEIF þingið en flug til Budapest kostar um 15-20 þús kr. meira en ferðastyrkurinn er. Lagt er til að LH greiði sínu nefndafólki mismuninn.

Lagt er til að fulltrúar LH á FEIF þingi 2026 verði formaður, framkvæmdastjóri, afreks- og mótastjóri og gjaldkeri LH.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Dagsetning Íslandsmóts 2026 – erindi frá stjórn FT og ályktun aðalfundar GDLH

FT og GDLH lýsa yfir áhyggjum af því hversu þétt mótin raðst í júní og júlí með velferð hesta í huga. Erindið frá FT er stílað á LH og Hestamannafélagið Sörla, mótshaldara Íslandsmóts 2026.

Á fundinum var farið í gegnum drög að mótadagskrá sem nú liggur fyrir á vef LH. Ein úrtaka fyrir Landsmót er sömu helgi og fyrirhuguð dagsetning Íslandsmóts og það er hjá Hornfirðingi. Einnig rætt að þrátt fyrir að hafa beðið RML um dagskrá kynbótasýninga þá liggur hún ekki enn fyrir þannig að ekki er hægt að sjá hvernig og hvort skörun verði mikil. Ekki er hægt að færa Íslandsmót aftur fyrir Landsmót nema þá að Íslandsmót skarist við Norðurlandamót.

Formaður ber upp til atkvæða að halda Íslandsmót á útgefinni dagsetningu 17. til 21. júní.



Samþykkt eru: LBG, PKS, ÓG og SHJ.

Á móti eru: SM og ÓP.

Situr hjá: URS

Lögð fram tillaga að sameiginlegu svarbréfi frá LH og Sörla til FT:

Svar við bréfi Félags tamningamanna um dagsetningu Íslandsmóts 2026

Stjórnir Landssambands hestamannafélaga og Hestamannafélagsins Sörla þakka fyrir bréfið og taka undir mikilvægi þess að velferð hestsins skuli ávallt höfð í forgrunni í öllum hestaíþróttum.

Almennt

Íslandsmót hefur á landsmótsárum átt erfitt uppdráttar hvað varðar aðsókn og umgjörð. Því hefur nú verið ákveðið að færa mótið tveimur vikum fyrir Landsmót til að styrkja stöðu þess í mótadagskrá ársins. Tvær vikur á milli stórmóta er ekki nýtt af nálinni. Árið 2022 hófst Íslandsmót tíu dögum eftir að Landsmóti lauk og árið 2024 var Íslandsmót yngri flokka tveimur vikum eftir Landsmót og Íslandsmót eldri flokka þar strax á eftir. Sama millibil hefur einnig tíðkast á milli Reykjavíkurmóts og Landsmóts. Breytingin felst því eingöngu í að Íslandsmótið fer nú fram fyrir Landsmót, ekki á eftir.

Um ábyrgð og hestavelferð

LH og mótshöldurum ber að fylgja reglum og tryggja dýravelferð. Ábyrgð á álagi og þátttöku hrossa á mótum er þó hjá knöpum og hesteigendum sem þurfa að gæta þess að hestarnir fái endurheimt á milli viðburða og dreifa álagi. Þar sem fjöldi móta er mikill þarf óhjákvæmilega að forgangsraða. Stórmótin, þ.e. Landsmót og Íslandsmótin verða að hafa fastan sess í mótadagskránni. Önnur mót þurfa að raðast í kringum þau, líkt og tíðkast í öðrum íþróttum. Einnig þyrfti að lengja keppnistímabilið, bæði framan af sumri og inn í haustið, til að dreifa álagi betur.

Umræður innan LH

Stjórn LH hefur rætt Íslandsmótið ítarlega í kjölfar ábendinga. Skoðað var að færa mótið viku seinna, en þá yrðu einungis sex dagar á milli stórmóta, sem telst tæplega ásættanlegt út frá velferð og endurheimt hrossa. Einnig hefur verið til skoðunar að halda Íslandsmótið eftir Landsmót, en það reynist erfitt þar sem tímasetning Norðurlandamóts og Íslandsmóts yngri flokka þrengir þá mjög að mótinu.

Um mótshaldara Íslandsmóts

Umsóknir um Íslandsmót á landsmótsárum hafa oft verið fáar, m.a. vegna erfiðrar tímasetningar strax eftir Landsmót, sumarleyfa og dræmrar aðsóknar. Þetta getur haft áhrif á fjárhagslegan grunn mótanna. LH og Sörla ákváðu því að Íslandsmót ungmenna og fullorðinna verði haldið tveimur vikum fyrir Landsmót árið 2026. Líklegt er að Íslandsmót barna og unglinga verði tveimur vikum eftir Landsmót, líkt og áður. Þannig fá öll þrjú stórmótin sterkan stað í mótadagskrá ársins 2026.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda Íslandsmót 2026 dagana 17. til 21. júní, samþykkt að senda ofangreint svar til FT.

Ólafur Þórisson óskar eftir að bóka eftirfarandi:

Ég er opinn fyrir að breyta dagsetningu Íslandsmóts fullorðna og ungmenna 2026 og greiði því atkvæði gegn því að senda þetta svar og standa á áður ákveðnum dagsetningum. Nú þegar hafa tvö af stærstu hagsmunasamtökum á Íslandi þ.e. FT og GDLH skorað á LH að breyta dagsetningu Íslandsmóts sem sett hefur verið þann 17-21.júní 2026.



Á þessari dagsetningu eru úrtökur fyrir Landsmót ekki allar búnar. Allir eru á fullu að klára undirbúning fyrir landsmót og er því þessi dagsetning ekki hentug fyrir Íslandsmót sem á að vera einn af okkar stærsti hesta íþróttaviðburður á hverju ári.

3. Úrsögn úr nefndum

Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir hefur sagt sig úr æskulýðsnefnd LH vegna anna.
Unnur Rún Sigurpálsdóttir hefur sagt sig úr menntanefnd LH vegna anna.

4. Útreiðabúðir á Íslandi – erindi frá Leisure riding nefnd FEIF

Leisure riding nefnd FEIF hefur áhuga á að halda útreiðarbúðir í takt við Youth Camp, sem myndi ganga á milli landa. Nefndin fer þess á leit við LH að fyrstu útreiðabúðirnar yrðu haldnar á Íslandi.

Afgreiðsla: Stjórn tekur jákvætt í hugmyndina en óskar eftir nánari upplýsingum og hugmyndum um verkefnið.

5. Íslandsmót innanhúss – vísað til stjórnar af formannifundi LH

Starfshópur um Íslandsmót innanhúss lagði tillögu fyrir formannafund um að haldið verði Íslandsmót innanhúss árið 2026 til reynslu. Formannafundur samþykkti að vísa tillögunni til stjórnar LH til frekari útfærslu.

Afgreiðsla: Starfshópi um Íslandsmót innanhúss falið að athuga hvort vilji sé til að halda þrúfumót 2026, þátttökuréttur verði opin.

6. Starfsmannamál

Rætt var um þörf á aukastarfskrafti á skrifstofu LH á álagstímum.

Lagt til að hægt verði að kalla inn verktaka í ákveðin verkefni, gerður verði samningur um ákv. tímafjölda og ramma um verkefni.

Afgreiðsla: Samþykkt, formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að útfæra nánar.

7. Staðfundur 12. desember

Næsti fundur stjórnar verður staðfundur, föstudaginn 12. desember kl. 17 til 20.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Nefndir kallaðar fyrir stjórnarfund

Keppnisnefnd og reiðveganefnd verða boðaðar á næsta staðfund í desember. Menntanefnd, Öryggisnefnd, Úrskurðar- og aganefnd, Nýliðunarnefnd í janúar.

9. Formannafundur ÍSí verður haldinn 21. Nóv. Nk. á Akaranesi.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að mæta á fundinn f.h. LH.

10. Önnur mál

a. *Aukaðargreiðsla* frá Íslenskri getsþá. Vegna góðrar afkomu var greidd aukaarðgreiðsla til sársambanda, hlutur LH er um 3,4 millj kr.

b. *Tímatökubúnaður*

Tímataka.net er tilbúið til að semja við LH um heildarþakka vegna kappreiða sumarið 2026. Tilboðið miðast við 12-14 kappreiðar og bjóða þeir 30% afslátt af tækjaleigu. Heildarverð við venjulegar kappreiðar væru um 90-100þús kr. með leigu á tækjum, aksturskostnaði og einn mann í vinnu.



c. Drög að mótadagskrá

Mótadagskrá ársins hefur verið birt heimasíðu LH, 121 viðburður hefur verið skráður hingað til, 81 af þeim eru á tímabilinu jan-30 apríl, 40 eru frá 1. maí og fram í september, og þar af einungis 16 viðburðir í maí og 15 viðburðir í júní.

Þegar úrtökur/gæðingamót eru sérstaklega talðar eru einungis 3 úrtökur á dagskrá í maí en 10 úrtökur skráðar í júní. Félögin eru mörg að halda sameiginlegar úrtökur, 22 félög eru búin að skrá úrtökur inn í mótaskrána, en nokkur bætast að líkindum inn í sameiginlegar úrtökur. Af þessum fjölda eru það 13 félög í 6 úrtökum að halda úrtökur sínar helgina 13-14 júní.

Fundi slitið kl. 22.02